

Garðheimar Gróðurvörur ehf.  
Stekkjarkakka 6  
109 Reykjavík

Akureyri, 22. júní 2023  
UST202304-110/H.Ö.J.  
07.07.02

### Söluskrár 2022 fyrir notendaleyfisskyldar vörur – Málslok

Vísað er til bréfs dags. 26. apríl 2023 þar sem Umhverfisstofnun kallaði eftir skrá yfir sölu á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum og útrýmingarefnum fyrir árið 2022. Stofnunin hefur nú lokið úrvinnslu á innsendum gögnum.

Um umfang og niðurstöður eftirlitsins, þær kröfur sem gilda um markaðssetningu, kaup og móttöku notendaleyfisskyldra vara vísast til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Allir kaupendur ofangreindra vara á árinu 2022 reyndust vera með notendaleyfi í gildi. Að framansögðu telst málinu lokið.

Listi yfir einstaklinga sem eru með notendaleyfi í gildi hverju sinni er birtur á heimasíðu Umhverfisstofnunar á slóðinni:

<https://ust.is/atvinnulif/efni/notendaleyfi-og-abyrgdarmenn/>

Nánari upplýsingar veitir Helga Ösp Jónsdóttir, sérfræðingur Umhverfisstofnunar, í síma 591-2000 eða gegnum netfangið [helga.jonsdottir@ust.is](mailto:helga.jonsdottir@ust.is) til að fá nánari upplýsingar.

Virðingarfyllt,

Helga Ösp Jónsdóttir,  
*sérfræðingur*

Hafdís Inga Ingvarsdóttir,  
*sérfræðingur*

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla